



Umhverfis- orku og loftlagsráðuneytið  
Borgartúni 26,  
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 31. janúar 2025

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun (lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun). SI telja skýrsluna og tillögur í henni jákvætt skref í rétta átt, til þess að einfalda ferli raforkuöflunar hér á landi.

Í skýrslunni kemur fram að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið hafi í ársbyrjun 2024 ákveðið að skipa sérstakan starfshóp sem hefði það verkefni með höndum að yfirfara gildandi lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og leggja til endurskoðun á lögnum sem tryggði ábyrga og skynsamlega nýtingu og vernd landsvæða á Íslandi. Starfshópnum bar samkvæmt skipunarbréfi sínu að leggja sérstaka áherslu á að auka skilvirkni í kerfinu í heild og einföldun regluverks. Tillögur starfshópsins fela m.a. í sér að skerpt er á reglum um málsmeðferð, rammaáætlun verður samfelluverkefni þar sem löggjafar- og framkvæmdavaldinu er oftart gert kleift að taka afstöðu til virkjunarkosta, tímafrestrir verða fastákveðnir, samráðsferli verður eitt í stað tveggja og frestur sveitarstjórna til ákvörðunar um landnotkun er stytur.

Samtökin fagna hvers konar framtaki sem stuðlar að aukinni skilvirkni og einföldun regluverks. Það er mat samtakanna að unnt sé að einfalda ferlið enn frekar, svo sem með enn knappari tímafrestum og/eða grundvallarbreytingum á regluverkinu. Þá sé ástæða til að skoða stöðu vindorku innan rammaáætlunar. SI telja þó mikilvægt að frumvarp til einföldunar á ákvarðanaferli og leyfisveitingum vegna virkjanaf framkvæmda verði lagt fram hið fyrsta. Þunglamalegt regluverk og flókið ferli hefur staðið í vegi fyrir grænni orkuöflun á síðastliðnum áratug. Í raforkuspá Landsnets til ársins 2050 kemur fram að ekki séu nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta fullum orkuskiptum. Í orkustefnu stjórnvalda til ársins 2050 kemur fram sú framtíðarsýn að Ísland skuli vera land hreinnar orku árið 2050 þar sem jarðefnaeldsneyti hefur alfarið vikið fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum og orkuöryggi tryggt með framboði margvíslegra endurnýjanlegra orkukosta og traustum innviðum. Ljóst er að langt er í land til að Ísland nái þeirri framtíðarsýn en íslenskt samfélag flytur á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna. Það er því til mikils að vinna við að auka raforkuframleiðslu hér á landi. Þá hafa tækifæri til atvinnuuppbyggingar um allt land farið forgörðum á síðustu árum vegna stöðu raforkumála.



Ný raforka hefur ekki komið inn á kerfið í hátt í tvo áratugi þrátt fyrir vöxt samfélagsins. Afleiðing þessa er skortur á raforku sem hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á forgangsorku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja, útflutningstekjur og hagvöxt.

Samtökin fagna því umræddri vinnu stjórnvalda, hvetja þau til að einfalda ferli samkvæmt lögum nr. 48/2011 hið fyrsta og vinna áfram að frekari skilvirkni ferlisins og einföldun regluverks sem gildir um virkjanaframkvæmdir til orkuöflunar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Guðný Hjaltadóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði